

1866.

12. janúar.

hefir spurt um, hvernig eigi að fara um skiptalaunin, þá eigi um þau að fara í líking við ákvörðunina í 37. grein í aukatjekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, þannig að amtið, ef til kemur, eigi að ákveða með úrskurði sínum, hversu mikið hvorum þessara tveggja skiptaráðanda beri af þeim. Nú hafið þér, herra amtmáður, í bréfi 21. septembermán. f. á. skýrt frá, að þar sem stjórnarráðið hafi byggt úrskurd sinn á því, að skiptunum á dánarbúi þessu ekki væri enn lokið, eins og stjórnarráðið hlaut að gjöra eptir skýrslum þeim, sem það hafði þá fengið um málefni þetta, þá sè þessu ekki þannig varið, því að Jóhannes sýslumaður Guðmundsson hafi lokið skiptunum 15. ágústmán. 1864, og hafið þér spurt um, hvort amtið, fyrst svona sè ástatt, eigi að skera úr, hvernig eigi að skipta skiptalaununum. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að með því að það, sem úrskurðir stjórnarráðsins 15. júnímán. f. á. og 3. októbermán. 1864 voru byggðir á, samkvæmt því sem embættismenn þeir, er hlut áttu að máli, þá höfðu skýrt frá, hefir reynzt vera rangt, þá skulu úrskurðir þessir vera ógildir, og verður það að vera komið undir Böving sýslumanni sjálfum að fylgja fram rétti þeim, sem hann þykist hafa, á þann hátt, sem honum finnst hagfelldastur til að ná tilgangi sínum.

17. janúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumíðæminu, um leyfi handa Emil Möller lyfsala til að verzla með venjulegar kaupmanna vörur.

Með bréfi 26. októbermán. f. á. hafið þér, herra amtmáður, sent hingað bænarskrá nokkra ásamt álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns um hana; í henni fer Emil Möller, lyfsali í Stykkishólmi, þess á leit, að sèr sè leyft jafnframt lyfjasölunni að verzla með vörur þær, er kaupmenn eru vanir að hafa, með sömu skilmálum og kjörum, og Jakobsen, er áður var lyfsali í greindum verzlunarstað, var leyft það með bréfi hins konúnglega rentukammers, dagsettu 20. aprílmán. 1839.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið það og gjörðið ráðstafanir þær, sem þörf er á, að af stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að beiðandanum sé veitt leyfi það, er hann sækir um, til að verzla með kaupmanna varning.

1866.

17. janúar.

8. Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi.

26. janúar.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið.

1. grein.

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eður aðrir forráðamenn.

2. grein.

Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir.

3. grein.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. grein.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hærðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

5. grein.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vili endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.